

Þriðjudaginn 15. nóvember 1994.

Nr. 12/1994.

St. Jósefsspítali

(Kristján Þorbergsson hdl.)

gegn

Sjúkraliðafélagi Íslands

vegna þeirra félagsmanna stefnda

sem starfa hjá stefnanda

(Ragnar H. Hall hrl.)

Verkfallsheimild. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Sveinn Sveinsson.

Stefnandi er St. Jósefsspítali, kt. 710169-5949, Landakoti, Reykjavík. Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík, vegna þeirra félagsmanna stefnda, sem hjá stefnanda starfa. Stefndi er aðildarfélag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkröfur.

1. Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé skylt að hlíta þeim fyrirmælum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, að þeim félagsmönnum hans sem starfa að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu hjá stefnanda sé óheimilt að leggja niður störf í verkfalli stefnda boðuðu frá 11. nóvember n.k., þrátt fyrir að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laganna hafi ekki verið birt fyrir 1. febrúar 1994 og að eftirtöldum félagsmönnum stefnda sé samkvæmt því óheimilt að leggja niður störf í verkfallinu:

a) Á hjúkrunardeild í Hafnarbúðum 11 einstaklingar í 8,4 stöðugildum.

Stöður raðist þannig:

3 stöður morgunvakt – 2 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|------------------------------|-------------|----------------------|
| Anna Þuríður Kristjánsdóttir | 160654-2799 | 80 |
| Ásdís Þorbjörnsdóttir | 230855-5289 | 100 |
| Bente Jensen | 151159-6059 | 80 |

| | | |
|------------------------------|-------------|-----|
| Guðrún María Snæbjörnsdóttir | 020233-7619 | 60 |
| Hallveig Elín Indriðadóttir | 131252-3079 | 70 |
| Hulda S. Kristinsdóttir | 260168-2909 | 80 |
| Ingibjörg Kristjánsdóttir | 210128-2559 | 70 |
| Lilja B. Þorsteinsdóttir | 070870-4019 | 80 |
| Mardís Malla Andersen | 020459-2989 | 80 |
| Svava Björgólfssdóttir | 010535-5819 | 60 |
| Vilborg Guðlaugsdóttir | 040651-7569 | 80. |

b) Á hjúkrunardeild gangi 1A 12 einstaklingar í 9,9 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
3 stöður morgunvakt – 3 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|------------------------------|-------------|----------------------|
| Auður Steingrimsdóttir | 190956-5559 | 60 |
| Ásrún Guðmundsdóttir | 190463-5329 | 100 |
| Elín K. Ólafsdóttir | 090251-2369 | 100 |
| Elín Óskarsdóttir | 171153-5659 | 60 |
| Guðrún Sv. Gunnlaugsdóttir | 151268-3749 | 80 |
| Heiða Hauksdóttir | 261255-4999 | 60 |
| Helga Ósk Kúld | 280642-4449 | 80 |
| Ingibjörg Júlíusdóttir | 080455-4889 | 70 |
| Jónheiður Haraldsdóttir | 310751-3599 | 100 |
| Margrét Pollý Baldvinsdóttir | 060931-2409 | 80 |
| Pálína Ósvald | 250744-2269 | 100 |
| Valgerður Reginsdóttir | 010457-4089 | 100. |

c) Á barnadeild 4 einstaklingar í 3,5 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
0,5 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|--------------------------|-------------|----------------------|
| Birte Jensen | 290941-7099 | 80 |
| Elínborg Jónmundsdóttir | 200750-7569 | 100 |
| Margrét Hinriksdóttir | 030144-3689 | 100 |
| Sigurðína Þorgrimsdóttir | 161246-2129 | 70. |

d) Á augndeild á gangi 1B 5 einstaklingar í 3,9 stöðugildum.
Stöður raðist þannig:
0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|---------------------------|-------------|----------------------|
| Hallfríður Guðmundsdóttir | 130736-2899 | 100 |
| Magnea Sigmarsdóttir | 130743-3399 | 80 |
| Sigrún A. Kaaber | 111132-2919 | 50 |
| Sædís Þorleifsdóttir | 291263-8019 | 90 |
| Póra Jenný Hendriksdóttir | 190246-3109 | 70. |

Á göngudeild augndeildar einn einstaklingur í einni stöðu.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|----------------------|-------------|----------------------|
| Bára Sigurjónsdóttir | 250737-2629 | 100. |

e) Á handlækningadeild, gjörgæslu 4 einstaklingar í 4,0 stöðugildum.

Stöður raðist þannig:

0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|---------------------|-------------|----------------------|
| Erla Gísladóttir | 040438-4919 | 100 |
| Guðrún Emilsdóttir | 160727-2929 | 100 |
| Margrét Teitsdóttir | 310837-5049 | 100 |
| Sigríður Jónsdóttir | 100334-3059 | 100. |

f) Á lyflækningadeild á gangi 3B 5 einstaklingar í 3,4 stöðugildum.

Stöður raðist þannig:

0,4 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|--------------------------|-------------|----------------------|
| Guðný Pálsdóttir | 040851-4889 | 90 |
| Guðrún Guðmundsdóttir | 010354-4559 | 50 |
| Ingibjörg Ingólfssdóttir | 211054-5069 | 40 |
| Jóhanna Ragnarsdóttir | 131138-4319 | 80 |
| Kristín Bjarnadóttir | 210550-3139 | 80. |

g) Á skurðstofum 2 einstaklingar í 2 stöðugildum.

Stöður raðist þannig:

2 stöður morgunvakt.

| <i>Nafn:</i> | <i>kt.</i> | <i>vinnuhlutfall</i> |
|-----------------|-------------|----------------------|
| Áslaug Faaberg | 100252-7599 | 100 |
| Ósk Sofusdóttir | 200130-3759 | 100. |

2. Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi heimild stefnanda til að kalla aðra félagsmenn stefnda, sem hjá stefnanda starfa, til vinnu meðan á verkfallinu stendur, forfallist þeir félagsmenn sem upp eru taldir í 1. tl. frá vinnu vegna veikinda eða slysa, eða geti ekki sinnt störfum sínum í verkfallinu af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Varakrafa.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé skylt að hlíta þeim fyrirmælum 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 að þeim félagsmönnum hans sem starfa að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu hjá stefnanda, sé óheimilt að leggja niður störf í verkfalli stefnda boðuðu frá 11. nóvember n.k., þrátt fyrir að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laganna hafi ekki verið birt fyrir 1. febr. 1994 og að samkvæmt því sé félagsmönnum stefnda sem samtals gegna 36,1 stöðugildi hjá stefnanda, svo skipt á deildir sem að neðan greinir, óheimilt að leggja niður störf í verkfallinu og enn fremur að staðfestur verði réttur stefnanda til að ákveða hvaða félagsmenn stefnda vinni í þeim stöðugildum í samræmi við ráðningarsamninga sína:

a) Á hjúkrunardeild í Hafnarbúðum 8,4 stöðugildi.

Stöður raðist þannig:

3 stöður morgunvakt – 2 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

b) Á hjúkrunardeild gangi 1A 9,9 stöðugildi.

Stöður raðist þannig:

3 stöður morgunvakt – 3 stöður kvöldvakt – 1 staða næturvakt.

c) Á barnadeild 3,5 stöðugildi.

Stöðurnar raðist þannig:

0,5 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

d) Á augndeild á gangi 1B 3,9 stöðugildi.

Stöður raðist þannig:

0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

Á göngudeild augndeildar eitt stöðugildi.

e) Á handlækningadeild, gjörgæslu, 4,0 stöðugildi.

Stöður raðist þannig:

0,8 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

f) Á lyflækningadeild 3,4 stöðugildi.

Stöður raðist þannig:

0,4 staða morgunvakt – 1,0 staða kvöldvakt – 1,0 staða næturvakt.

g) Á skurðstofum 2 stöðugildi.

Stöður raðist þannig:

2 stöður morgunvakt.

Þrautavarakrafa.

Til þrautavara gerir stefnandi sömu dómkröfu og samkvæmt varakröfu að öðru leyti en því að Félagsdómur ákveði fjölda stöðugildanna og skiptingu þeirra eftir deildum

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þessar.

Aðalkröfur:

1. Að aðalkröfu stefnanda nr. 2, varakröfu hans og þrautavarakröfu verði vísað frá Félagsdómi.
2. Að aðal- og varakröfum stefnanda verði hafnað að svo miklu leyti sem þessum kröfum verði ekki vísað frá dómi.

Varakrafa:

Að því verði slegið föstu með dómi Félagsdóms að einungis eftirtaldir félagsmenn stefnda sem starfa hjá stefnanda falli undir ákvæði 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og megi því ekki leggja niður störf í verkfalli sem stefnda hefur boðað hjá stefnanda og á að hefjast 11. nóvember 1994, og að samkvæmt því verði stöður þá mannáðar svo sem greint er hér á eftir:

a. Á hjúkrunardeild í Hafnarbúðum:

Enginn félagismaður stefnda.

b. Á deild 1-A á Landakotsspítala:

1,5 stöðugildi á morgunvakt – 1,5 stöðugildi á kvöldvakt – 1,0 stöðugildi á næturvakt.

Eftirtaldir félagsmenn stefnda gegni þessum stöðum:

Ásrún Guðmundsdóttir, kt. 190463-5329 – 1,0 stöðugildi

Auður Steingrímisdóttir, kt. 190956-5559 – 0,6 stöðugildi

Elín K. Ólafsdóttir, kt. 090251-2369 – 1,0 stöðugildi

Jenný Jóna Sveinsdóttir, kt. 051160-2159 – 0,5 stöðugildi

Jónheiður Haralds, kt. 310751-3599 – 1,0 stöðugildi.

c. Á barnadeild á Landakotsspítala:

0,0 stöðugildi á morgunvakt – 0,5 stöðugildi á kvöldvakt – 1,0 stöðugildi á næturvakt.

Eftirtaldir félagsmenn stefnda gegni þessum stöðum:

Björg Kristjánsdóttir, kt. 301156-3089 – 0,8 stöðugildi

Sigurðína Þorgrímisdóttir, kt. 161246-2129 – 0,7 stöðugildi.

d. Á augndeild á gangi 1B á Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

Á göngudeild augneildar Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

e. Á handlækningadeild og gjörgæslu á Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

f. Á lyflækningadeild á gangi 3B á Landakotsspítala:

0,5 stöðugildi á morgunvakt – 0,5 stöðugildi á kvöldvakt – 1,0 stöðugildi á næturvakt.

Eftirtaldir félagsmenn stefnda gegni þessum störfum:

Sigríður Rut Hreinsdóttir, kt. 270857-2809 – 0,4 stöðugildi

Guðný J. Pálsdóttir, kt. 040851-4889 – 0,9 stöðugildi

Jóhanna Ragnarsdóttir, kt. 131138-4319 – 0,8 stöðugildi.

g. Á skurðstofum á Landakotsspítala: Enginn félagsmaður stefnda.

Málskostnaðarkrafa:

Stefndi krefst þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati Félagsdóms.

Mál þetta var þingfest hinn 8. nóvember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 12. nóvember sl.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að þann 8. desember 1992 hafi stefnandi og stefndi gert með sér kjarasamning þar sem fram komi í 6. gr. að um gerð kjarasamninga og vinnudeilur skuli fara skv. ákvæðum laga nr. 94/1986. Heimild til þessa sé í 2. gr. laganna, en stefnandi er sjálfseignarstofnun.

Stefnandi kveður kjarasamning aðila lausan og stefndi hafi með bréfi dags. 24. okt. 1994, boðað verkfall, sem hefjast skuli við upphaf föstudagsins 11. nóvember n.k.

Þann 26. okt. sl. kveðst stefnandi hafa skrifað stefnda bréf, sem fylgdi listi yfir þá félagsmenn stefnda, sem stefnandi æskti að sinntu áfram störfum sínum í verkfallinu og hafi þess verið farið á leit í nefndu bréfi að stefndi gerði athugasemdir við listann fyrir 29. október.

Bréfi þessu segir stefnandi stefnda hafa svarað með bréfi dags. 28. október, þar sem fram komi að stefndi telji sig óbundinn af takmörkunarreglum ákvæða 19. gr. laga nr. 94/1986 á verkfallsrétti félagsmanna sinna, með því að listi spítalans sé of seint fram kominn.

Í bréfinu komi fram að stefndi telji stjórnendur St.Jósefsspítala hafa brugðist skyldum sínum með því að birta ekki verkfallslista, skv. ákvæðum tilvitnaðrar 19. gr.

Stefnandi kveðst hafa óskað eftir viðræðum til að reyna að ná samkomulagi við stefnda um gerð lista yfir þá starfsmenn sem óhjákvæmilega hlytu að þurfa að starfa áfram í verkfallinu, áður en til bréfaskipta þessara hafi komið, en stefndi hafi hafnað slíkum viðræðum og lýst stefnanda ábyrgan fyrir því sem stefndi telji vanrækslu stefnanda.

Ástæður þess, að skrá skv. ákvæðum 2. mgr. 19. gr. hafi ekki verið birt fyrir segir stefnandi vera sjálfheldu sem það mál hafi verið í, fram til þess að lög nr. 95/1994 um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943 hafi tekið gildi þann 3. júní sl. Slíkum skráum hafi skv. athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 94/1986 verið ætlaður birtingarstaður í B-deild Stjórnartíðinda, en lagaheimild til birtingar þar skort allt að einu, fram til gildistöku breytingarinnar, þegar sveitarstjórnir og sjálfseignarstofnanir áttu í hlut. Skírskotar stefnandi til bréfs dómsmálaráðuneytisins dags. 4. nóv. 1994 þessu til staðfestu.

Svo sem að framan er rakið kveðst stefnandi hafa leitað eftir samráði við stefnda um gerð skrár skv. ákvæðum 2. mgr. 19. gr., en stefndi neitað öllu samráði. Því kveðst stefnandi hafa tekið saman skrá og sent til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda í tilefni verkfalls stefnda. Dómsmálaráðuneytið hafi nú fallist á birtingu skrárinnar með vísan til hinnar nýgerðu lagabreytingar.

Stefnandi kveður kröfur sínar varða 7 af 12 deildum spítalans og skiptist fjöldi félagsmanna og stöðugilda á þær deildir með þeim hætti, sem hér á eftir greini.

Í verkfallinu verði svo dregið úr starfsemi, svo sem forsvarsmenn spítalans ítrast treysti sér til.

Stefnukröfur máls þessa grundvallast á mati hjúkrunarforstjórans Rakelar Valdimarsdóttur á því hvaða lágmarksmönnun þurfi að vera til staðar í verkfallinu svo ekki skapist neyðarástand og heilbrigði þeirra sjúklinga sem ekki verða útskrifaðir, verði ekki stefnt í voða. Þetta mat hjúkrunarforstjóra sé einhliða mat hans, þar sem félagsmenn stefnda hafi hafnað öllu samráði svo sem fyrir greini og neitað að leggja lið, við mat þetta.

Stefnandi tjáir að á tveimur hjúkrunardeildum spítalans séu alls

45 rúm, sjúklingar í þeim öllum, aldrað fólk, sem ekki eigi í önnur hús að venda. Sjúklingar þessir séu meira og minna ósjálfbjarga, þá þurfi að mata og þrifa. Þar af leiðandi sé ekki um það að ræða að útskrifa þá og óhjákvæmilega þurfi lágmarksfjölda félagsmanna stefnda til að sinna þeim í verkfallinu.

Á hjúkrunardeildunum starfi 34 félagsmenn stefnda í 26 stöðugildum. Mat hjúkrunarforstjóra sé, að í verkfallinu sé þörf 23 félagsmanna stefnda við störf í 18,3 stöðugildum.

Á barnadeild spítalans segir stefnandi vera 26 rúm. Þar leggist inn börn með ýmsa sjúkdóma. Barnadeild sinni bráðavöktum 7–9 vöktum í mánuði, þ.e. að 1/3 á móti barnadeild Landspítalans. Þar starfi að jafnaði 9 félagsmenn stefnda í 6,3 stöðugildum. Mat hjúkrunarforstjóra sé, að þar þurfi 4 félagsmenn stefnda að manna 3,5 stöðugildi í verkfallinu.

Legudeild augndeildar spítalans segir stefnandi hýsa 16 rúm. Deildin þjóni öllu landinu varðandi bráða augnsjúkdóma og slys á augum. Þar starfi að jafnaði 7 félagsmenn stefnda í 5,2 stöðugildum, en mat hjúkrunarforstjóra sé, að í verkfallinu þurfi 5 félagsmenn í 3,9 stöðugildum að vera við störf.

Á göngudeild augndeildar, augnskoðun, starfa eftir því sem stefnandi tjáir, 2 félagsmenn stefnda í 1,9 stöðugildi, en mat hjúkrunarforstjóra sé, að annar þeirra þurfi að vera við störf í verkfallinu.

Stefnandi segir 22 rúm vera á handlækningadeild, þar af 6 rúm með gjörgæslubúnaði. Í rúm deildarinnar séu lagðir sjúklingar sem fari í almennar skurðaðgerðir og þeir sjúklingar sem fái óvænta fylgikvilla eftir aðgerðir. Að jafnaði starfi þar 14 félagsmenn stefnda í 10,2 stöðugildum. Mat hjúkrunarforstjóra sé að í verkfallinu þurfi 4 félagsmenn í jafn mörgum stöðugildum að vera við störf.

Á lyflækningadeild segir stefnandi vera 16 rúm. Á deildinni sé aðallega sinnt sjúklingum með meltingarfærasjúkdóma og krabba-mein. Þeir sjúklingar sem fengið hafa meðferð á deildinni hafi aðgang að deildinni allan sólarhringinn ef upp komi óvæntir fylgikvillar, eða sjúkdómur versni. Þar starfi að jafnaði 13 félagsmenn stefnda í 6,2 stöðugildum, en mat hjúkrunarforstjóra sé, að í verkfallinu þurfi 5 þeirra í 3,4 stöðugildum að vera við störf.

Stefnandi segir 4 skurðstofur vera á skurðdeild spítalans. Þar séu gerðar margvíslegar skurðaðgerðir og speglanir. Þá sinni deildin bráðavöktum barnadeildar. Þar starfi að jafnaði 5 félagsmenn

stefnda í 4,2 stöðugildum, en mat hjúkrunarforstjóra sé að í verkfallinu sé þörf 2 félagsmanna í jafnmörgum stöðum við störf.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar með vísan til 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, þar sem segi að verkfallsheimild nái ekki til þeirra sem starfi við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Telur stefnandi, að það geti vart verið umdeilanlegt að störf sjúkraliða falli undir skilgreiningu þessa. Stefnandi geri þó ekki kröfu til, að allir félagsmenn stefnda sem hjá spítalanum starfi verði áfram við störf í boðuðu verkfalli, heldur muni hann draga svo úr starfsemi sinni í verkfallinu sem hann telur ítrast forsvaranlegt út frá sjónarmiðum sem varði öryggi og heilbrigðisástand sjúklinga sinna, sem á spítalanum verði að dveljast þrátt fyrir verkfall stefnda. Stefnandi, sem hafi leitað samráðs við stefnda um þennan niðurskurð starfseminnar, en fengið höfnun þess, sé nú til þess knúinn að leita viðurkenningar dóms Félagsdóms á heimildum sínum í þessum efnun, svo neyðarástandi verði forðað.

Stefnandi viðurkennir að skrá skv. 2. mgr. 19. gr. var ekki birt fyrir 1. febrúar 1994, svo sem lagaákvæðin ráðgera en bendir á þau vandkvæði sem stóðu í vegi fyrir birtingu skrárinnar í B-deild Stjórnartíðinda. Eftir að lagabreyting hafi tekið gildi í júnímánuði sl. geti stofnanir og sveitarstjórnir fengið skrár skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Skrá stefnanda hafi verið send til birtingar, og telur stefnandi að samkvæmt því megi byggja á henni undanþágur frá boðuðu verkfalli stefnda, enda sé kröfugerðin í samræmi við skrána. Telji dómurinn hins vegar skrána eða birtingarmáta hennar ófullnægjandi, byggir stefnandi kröfugerð sína á því, að birting skrár fyrir 1. febrúar 1994 sé ekki úrslitaatriði gagnvart því, hvort félagsmönnum stefnda sé skylt að sinna störfum að nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í boðuðu verkfalli.

Stefnandi telur að í 2. mgr. 19. gr. felist verklagsregla sem hafi það að markmiði að draga úr deilum og forða ágreiningi um hina eiginlegu efnisreglu, sem sett sé með 3. tl. 1. mgr. 19. gr., þ.e. að heimild til verkfalls taki ekki til þeirra sem starfi við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Verklagsreglan takmarki ekki með neinum hætti efnisinnihald hinnar eiginlegu efnisreglu. Jafnframt telur stefnandi að fráleitt sé að halda því fram, að efnisreglan skuli ekki teljast gilda, þótt ekki takist að framfylgja fyrir mælum verklagsreglunnar.

Afleiðingar þess að ekki sé fylgt fyrirmælum lagaákvæðisins um verklag, telur stefnandi vera þær, að sannarlega tapist það hagræði, sem verklagsreglunni sé atlað að stuðla að, en náist ekki samkomulag með deiluaðilum um inntak efnisreglunnar í slíkum tilvikum, sé Félagsdómi, skv. ákvæðum 5. t. l. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 falið það hlutverk að skera úr um ágreininginn. Skírskotar stefnandi sérstaklega til þessa ákvæðis til stuðnings málshöfðunarheimild sinni og kröfugerð.

Varakröfur sínar kveðst stefnandi gera með tilliti til þess, að hugsanlegt sé að dómurinn telji það ekki á sínu verksviði að taka afstöðu til vinnuskyldu nafngreindra einstaklinga. Er í varakröfunni miðað við að mat stefnanda að því er varðar fjölda stöðugilda, verði lagt til grundvallar, en þrautarvarakrafan sett fram ef dómurinn fallist ekki á það mat.

Stefnandi tjáir að enginn munur sé á störfum þeirra félagsmanna stefnda, sem fara í verkfall og þeirra sem vinna munu í verkfallinu verði dómkröfur hans teknar til greina. Það sem liggja hins vegar vali stefnanda til grundvallar segir hann vera mat hjúkrunarforstjóra síns á því hvernig verði með haganlegasta móti komist af með lágmarks mannafla í verkfallinu. Hafi þá verið tekið tillit til starfshlutfalls og vaktafyrirkomulags. Í sumum tilvikum hafi að sönnu verið tveggja eða fleiri kosta vöð. Í ljósi stjórnunarskyldna sinna og í því ljósi að stefndi hafi hafnað samráði lýsir stefndi sig hafa verið knúinn til að taka af skarið með það, hverjir af félagsmönnum stefnds skyldu vinna og hverjir ekki. Stefnandi áréttar sérstaklega að í tilnefningum hans á félagsmönnum stefnds til starfa, felist engin yfirlýsing um að hann meti tiltekna félagsmenn stefnds betri starfsmenn en aðra. Þaðan af síður felist nokkur vanþóknun á störfum þeirra sem hann reiknar með að leggi niður störf í vali hans.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi telur lýsingu málavaxta í stefnu ekki alls kostar nákvæma. Þykir hagfellt að fjalla í senn um málsatvik og málsástæður og verður hér á eftir sérstaklega vakin athygli á tilvikum þar sem ágreiningur er um slík atriði.

Ekki er um það deilt að leysa beri úr ágreiningi aðila á grundvelli laga nr. 94/1986. Stefnandi hafi við úrlausn málsins stöðu vinnuveitandans en stefndi stöðu stéttarfélags. Kjarasamningur málsaðila sé runninn út vegna uppsagnar, en þó beri að fara eftir honum þar

til nýr kjarasamningur hafi verið gerður, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna. Stefndi hafi boðað verkfall með lögmætum hætti til að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um efni nýs kjarasamnings. Eftir þá verkfallsboðun hafi komið upp ágreiningur milli aðila máls þessa um það hverjir félagsmanna stefnda megi ekki gera verkfall samkvæmt undantekningarákvæði 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Um 1. aðalkröfu stefnanda:

Af hálfu stefnda er á því byggt að sú meginregla gildi samkvæmt lögum nr. 94/1986 að þeim starfsmönnum sem þau lög taki til sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tiltekna séu í lögum. Af því leiði að ákvæði um undantekningar frá þessari reglu lúti þrengjandi lögskýringu. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna sé þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. skulu vinnuveitendur sem lögin taka til birta fyrir 15. janúar (sic) ár hvert skrár um þau störf sem falla undir 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélag. Verði ágreiningur um slíkar skrár megi leggja hann undir úrlausn Félagsdóms.

Í málavaxtalýsingu stefnanda sé gefið í skyn að stefndi eigi sök á því að ekki hafi orðið til skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. nefndra laga, en fyrirmæli um gerð og birtingu slíkrar skrár séu í 2. mgr. sömu lagagreinar. Þetta telur stefndi með öllu tilhæfulaust. Þvert á móti hafi því oftast en einu sinni allt frá því fyrir síðustu áramót verið beint til stjórnenda stefnanda að þeir þyrftu að hlutast til um gerð slíkrar skrár, en þeim ábendingum ekki verið sinnt.

Af málatilbúnaði stefnanda sé ljóst að honum sjálfum hafi verið kunnugt um skyldu sína til að hlutast til um gerð slíkrar skrár. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar í þá átt hafi hann í engu skeytt um gerð hennar fyrr en eftir að úrslit atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun stefnda lágu fyrir. Þá fyrst var eins og hann hafi áttað sig á nauðsyn skrárinnar. Stefndi telur skrá sem til verður við aðstæður eins og hér séu fyrir hendi og gerð er með þeim hætti sem raun beri vitni ekki geta haft sama eða hliðstætt gildi við úrlausn málsins og skrá sem gerð hefði verið eftir fyrirmælum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Samvinna við gerð skrárinnar sé ófrávíkjanlegt gildisskiyrði slíkrar skrár. Stefndi mótmælir því harðlega að stefnandi hafi með þeim

hætti sem hann viðhafði við gerð skrárinnar uppfyllt þær skyldur sínar sem séu gildisskilyrði slíkrar skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 og taka mótmælin bæði til þeirrar aðferðar sem viðhöfð hafi verið við gerð hennar og til þess á hvaða tíma hún hafi verið gerð og birt. Þá er skrá þessari einnig mótmælt á þeirri forsendu að þar sé alls ekki tilgreint hvaða félagsmenn stefnda það séu sem óheimilt sé að gera verkfall.

Í lýsingu málsástæðna í stefnu segi að skrá stefnanda hafi verið send til birtingar og telji stefnandi að samkvæmt því megi byggja á henni undanþágur frá boðuðu verkfalli stefnda. Þetta telur stefndi algerlega út í hött, enda fjalli skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. ekki um undanþágur frá verkfalli.

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekki sé til gild skrá, gerð eftir fyrirmælum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, yfir þá félagsmenn stefnda sem starfa hjá stefnanda og óheimilt sé að gera verkfall samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar, sem lögð verði til grundvallar niðurstöðu í máli þessu. Með því að engin slík skrá sé til og í gildi, teljist allir félagsmenn stefnda sem starfa hjá stefnanda mega gera verkfall. Stefnandi geti ekki með því að sniðganga fyrirmælin um gerð skrárinnar öðlast þá stöðu, vegna ímyndaðra og/eða heimatilbúinna erfiðleika, að fá sjálfur að velja eftir geðþótta sínum þá félagsmenn stefnda sem honum sýnist til vinnu í löglega boðuðu verkfalli. Þvert á móti telur stefndi að við þær aðstæður sem nú séu uppi verði stefnandi að neyta þeirra úrræða sem honum séu tryggð samkvæmt 20. og 21. gr. laganna til að kalla til vinnu tímabundið starfsmenn sem séu í verkfalli og afstýra með þeim hætti neyðarástandi.

Stefndi mótmælir sem hreinni fjarstæðu málatilbúnaði stefnanda um að stefnanda verði ekki kennt um að skráin hafi ekki orðið til þar sem ekki hafi verið hægt að birta slíka skrá í B-deild Stjórnartíðinda. Ekki séu fyrirmæli um það í lagatextanum að skrárnar skuli birtar á þessum tiltekna stað, þótt ráðagerðir séu að vísu um það í greinargerð með frumvarpi er varð að þessum lögum. Stefnandi telur nauðsyn á gerð skrárinnar ekki ráðast af því með hverjum hætti hún fáiast birt, þótt auðvitað skipti birtingarmátinn miklu máli. Hitt skipti miklu meira máli að skráin sé gerð með þeim hætti sem löggin mæla fyrir um. Stefnandi telur stefnanda alls ekki hafa verið í aðstöðu til að láta reyna til fullnustu á synjun um birtingu skrárinnar fyrir en

hún hafi verið til orðin. Ef þá hefði verið synjað um birtinguna hefði vafalaust mátt fá hana birta annars staðar með jafntryggum hætti, t. d. með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

Af hálfu stefnda er einnig á því byggt að sú skrá sem stefnandi nú hefur tekið saman og birt sé í B-deild Stjórnartíðinda 3. nóvember 1994, nr. 573/1994, hafi ekkert gildi við úrlausn máls þessa. Skráin sé ekki gerð í samvinnu við stefnda, svo sem lögboðið sé í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Hún hafi ekki verið gerð og birt í tæka tíð til þess að stefndi fengi ráðrúm til að leita úrlausnar um ágreiningsatriði varðandi efni hennar. Þá sé hún byggð þannig upp að engin leið sé að ráða af henni hverjir félagsmanna stefnda sem starfa hjá stefnanda megi ekki gera verkfall samkvæmt skránni. Slíka skrá beri að gera þannig úr garði að ekki sé vafi á því við hvaða starfsmenn sé átt. Þess hafi í engu verið gætt við gerð þessarar skrár.

Fari svo að dómurinn telji að taka megi aðalkröfu sóknaraðila til greina, er einnig á því byggt af hálfu stefnda að sú skrá sem stefnandi leggur til grundvallar kröfugerð sinni sé miklu víðtækari en lög heimila og því mótmælt að hún verði lögð til grundvallar niðurstöðu í máli þessu. Vísast í því sambandi til þess sem að framan greinir um þrönga skýringu á lagaákvæðum er fela í sér takmörkun á heimild starfsmanna til að gera verkfall. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. nái heimild til verkfalls ekki til þeirra „... *sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.*“

Af þessu orðalagi og áðurnefndri lögskýringarreglu leiði að hér sé um algjörar undantekningar að ræða frá meginreglunni. Kröfugerð stefnanda sé augljóslega ekki við það miðuð, heldur virðist hún taka mið af því að sem minnst röskun verði á starfsemi hans meðan boðað verkfall stendur. Á þessu tvönnu telur stefndi vera reginmun. Í málsútlitun stefnanda komi fram að listinn sé byggður á mati hjúkrunarforstjóra stefnanda og verði ekki séð að aðrir hafi verið kvaddir þar til samráðs. Ekki verði heldur séð af sóknargögnunum út frá hvaða forsendum hjúkrunarforstjórinn hafi unnið þetta svokallaða mat sitt. Mótmælir stefndi því að mat þetta, ef mat skyldi kalla, hafi hina minnstu þýðingu í málinu. Þá sé í málalíbúnaði stefnanda engin grein gerð fyrir því hvers vegna svo brýn þörf sé fyrir svo marga sjúkraliða í verkfallinu eða með hverjum hætti stjórnendur stefnanda hyggist bregðast við þeirri stöðu sem upp kemur í starfseminni eftir að verkfallið skellur á. Fyrir stórhátíðar

virðist hugsað fyrir slíku, jafnvel mánuði fram í tímann og virðist þá engum vandkvæðum bundið að loka deildum svo vikum skiptir, en nú þegar verkfall hafi verið yfirvofandi í margar vikur virðist ekkert hugað að slíku. Þá sé hvergi að því vikið í sóknargögnum málsins hvernig annað vinnuafli spítalans muni nýtast við þær aðstæður sem skapast í verkfallinu. Verði ekki annað séð af framsetningunni en að ætlun stefnanda sé sú að halda uppi sem næst óbreyttum rekstri á spítalanum, þrátt fyrir verkfall.

Stefnandi telur vart geta verið umdeilanlegt að störf sjúkraliða falli undir „nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu“ í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, þó svo að hann telji ekki alla sjúkraliða falla beint undir þetta ákvæði. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að stefnandi hafi ekki gengið út frá þessu viðhorfi sínu í framkvæmd. Þannig sé t.d. enginn sjúkraliði á bakvöktum á spítalanum, hvorki um helgar, stórhátíðar eða í annan tíma. Í ljósi þessa mótmælir stefndi því að störf annarra sjúkraliða en þeirra sem varakrafa stefnda tekur til flokkist undir störf við nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu í skilningi þessa lagaákvæðis.

Varakrafa stefnda er á því byggð að telji Félagsdómur fært á grundvelli málatilbúnaðar stefnanda að slá því föstu að einhverjir félagsmanna stefnda sem starfa hjá stefnanda hafi þrátt fyrir allt ekki heimild til að fara í verkfall vegna margnefnds 3. töluliðs, þá beri að leggja til grundvallar niðurstöðu í málinu sjónarmið stefnda um það hvernig mæta megi kröfunni um nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu í verkfallinu. Beri að skýra þessa varakröfu stefnda svo að í henni felist krafa um að fella brott af lista stefnanda þau störf sem þar séu talin og séu umfram það sem gengið sé út frá í varakröfu þessari. Fari hér á eftir rökstuðningur varðandi hvern einstakan staflið varakröfunnar. Í þessari framsetningu sé fylgt sömu skipan eftir stafliðum og gert sé í aðalkröfu stefnanda. Um sérhvern þessara liða gegni að þörfin fyrir vinnuframlag félagsmanna stefnda sé metin út frá þeirri forsendu að spítalinn geti haldið uppi nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu þrátt fyrir verkfallið.

a. Stefndi telur að eðlilegt sé við þessar aðstæður að loka hjúkrunardeildinni í Hafnarbúðum. Þaðan ætti að vera hægt að útskrifa þá sem njóti svokallaðrar hvíldarinnlagnar, svo og þá sem ættingjar ættu að geta tekið við meðan verkfallið stendur. Aðra sjúklinga

mætti flytja inn á deild 1A á Landakotsspítala meðan verkfallið stendur. Minnt skal á það hér að margsinnis hafi komið til tals að loka Hafnarbúðum alveg þegar rætt hafi verið um niðurskurð í starfsemi spítalans. Á það er einnig bent að dagdeild Hafnarbúða starfi ekki um helgar eða stórhátíðar og sé því ekki ástæða til að hafa hana opna á öðrum tímum þegar lögbundið sé að aðeins skuli sinnt nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

b. Að því er varðar deild 1-A á Landakotsspítala er á því byggt að hægt sé að útskrifa talsverðan fjölda sjúklinga með sama hætti og greint hafi verið um Hafnarbúðir. Þannig mætti taka við þeim sjúklingum sem ekki sé hægt að útskrifa af Hafnarbúðum og sinna þeim með þeim mannafla sem hér sé gert ráð fyrir. Rétt sé að vekja athygli á því að það séu ekki aðeins sjúkraliðar sem hafi með höndum umönnun við þessa sjúklinga, heldur einnig annað starfslíð stefnanda.

c. Að því er varðar barnadeild Landakotsspítala er hér á því byggt að við þessar aðstæður eigi að miða við að aðeins sé sinnt bráðavöktum en ekki kallaðir inn nýir sjúklingar.

d. Að því er varðar augndeild á gangi 1B á Landakotsspítala er hér á því byggt að sameina beri starfsemina deild 3-B við þessar aðstæður, svo sem gert sé um helgar og stórhátíðar.

Hið sama gildi um göngudeild augndeildar Landakotsspítala og um augndeildina á gangi 1B.

e. Á handlækningadeild starfi engir sjúkraliðar á stórhátíðum. Þess sé því ekki frekar þörf við þær aðstæður sem hér séu til umfjöllunar.

Að því er varði gjörgæslu hefur hjúkrunarforstjóri stefnanda tjáð aðaltrúnaðarmanni stefnda að engin slík deild sé lengur við lýði á spítalanum þó svo að tæki til slíks séu fyrir hendi. Þetta mun m. a. koma til af því að spítalinn sinnir ekki lengur bráðaþjónustu svo sem hann áður gerði.

f. Stefndi telur að við þessar aðstæður beri að draga úr starfsemi lyflækningadeildar á gangi 3B með því að sinna eingöngu krabbameinssjúklingum og þeim sjúklingum sem þangað yrðu fluttir af augndeild 1B og deild 2B. Þetta sé gert þegar það þyki henta stjórnendum spítalans, t. d. um stórhátíðar. Því fremur beri að hafa þennan hátt á þegar lögbundið sé að aðeins skuli sinna nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu.

g. Á skurðstofugangi á Landakotsspítala starfi engir sjúkraliðar um helgar eða á stórhátíðum. Þess sé því ekki frekar þörf við þar aðstæður sem nú eru uppi.

Um 2. aðalkröfu stefnanda:

Stefnandi geri í 2. tölulið aðalkröfu sinnar kröfu um viðurkenningu á rétti stefnanda til að kalla aðra félagsmenn stefnda, sem hjá honum starfa, til vinnu meðan á verkfallinu stendur í forfallatilvikum. Stefnandi geri í stefnu enga tilraun til að útlista það hvar laga- stoð sé fyrir þessari kröfu sinni. Engan stafkrók sé að finna í útlistun stefnanda um þessa kröfu í þeim kafla stefnunnar sem geymir annars útlistun um málsástæður og lagarök. Ekki sé þar heldur að finna tilgreiningu lagaheimildar til að bera þessa kröfu undir Félagsdóm. Stefndi telur þau ágreiningsefni tæmandi talin í 26. gr. laga nr. 94/1986, sem lögð verði fyrir Félagsdóm milli þeirra aðila sem gera kjarasamning eftir þeim lögum. Það ákvæði beri að skýra þröngri lögskýringu. Álitaefti eins og það sem 2. aðalkrafa stefnanda í máli þessu taki til falli ekki innan neins ákvæðis 26. gr. laganna. Þegar af þeirri ástæðu beri að vísa þessari kröfu frá dómnum. En jafnvel þótt dómurinn teldi ákvæði 26. gr. ekki eiga að leiða til frávísunar, væri óhjákvæmilegt að vísa kröfunni frá dómnum vegna vanreifunar, sbr. f-lið 1. mgr. 80. gr. og 1. og 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

Verði ekki fallist á frávísunarkröfu stefnda að því er þessa kröfu varðar er á því byggt að henni beri að hafna þar sem hún hafi enga lagastoð. Stefndi telur augljóst að fara verði eftir ákvæðum 20. og 21. gr. laga nr. 94/1986 ef kalla verði tímabundið til vinnu starfsmenn, sem séu í verkfalli, í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.

Um varakröfu stefnanda:

Varakrafa stefnanda lúti að því að viðurkennt verði með dómi að hópur félagsmanna stefnda, sem samtals sé í 36,1 stöðugildi hjá stefnanda, megi ekki gera verkfall heldur eigi að vinna í verkfallinu og stefnandi eigi að ákveða hverjir þessir starfsmenn séu og hvaða störfum þeir gegni. Um þessa kröfu vísar stefnandi til margnefnds ákvæðis 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Segir um þessa kröfu í þeim kafla stefnunnar sem inniheldur lýsingu málsástæðna og lagaraka að hún sé gerð „... með tilliti til þess að hugsanlegt sé að dómurinn telji það ekki á sínu verksviði að taka afstöðu til vinnuskyldu nafngreindra einstaklinga ...“

Af hálfu stefnda er á því byggt að hér sé stefnandi heldur betur að snúa hlutverkum við. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 eigi Félagsdómur að dæma í málum sem rísa milli samningsaðila um hverjir falli undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna. Gera verði þá kröfu til þeirra sem leggja mál sitt fyrir dóminn að þeir tilgreini svo ekki verði um villst hverjir þeir menn séu sem þeir telja kröfur sínar í dómsmáli snúast um.

Stefndi heldur því fram að tilgreining starfa á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna verði að vera ótvíráð þannig að ekki leiki vafi á við hvern sé átt. Í auglýsingu samkvæmt þessu lagaákvæði beri að tilgreina þau störf sem falli undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar, og sé óheimilt að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall. Stefnandi geti ekki komist fram hjá þessum lágmarksskilyrðum um tilgreiningu starfa með því að hundska fyrirmæli laganna um gerð listans. Ef Félagsdómur eigi að ganga svo langt að búa til lista fyrir stefnanda með dómi í máli þessu, hljóti dómurinn að verða að gera þá lágmarkskröfu til þess sem um það biður, að hann tilgreini með jafnskýrum hætti og gera ætti á listanum sjálfum þá aðila sem ætlast sé til að falli undir þá ákvörðun dómsins. Sú varakrafa stefnanda sem hér um ræðir sýnist byggja á því að með því að sniðganga reglur um gerð skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. eigi stefnandi að fá frjálshari hendur um nýtingu vinnuafis félagsmanna stefnda en hann hefði, ef hann hefði farið eftir fyrirmælunum um gerð skrárinnar. Þetta nái auðvitað engri átt. Í málatilbúnaði stefnanda sé engin tilraun gerð til að finna þessari kröfu lagastoð, enda stefnanda augljóslega erfitt um vik í því efni. Þessi krafa sé því svo vanreifud að óhjákvæmilegt sé að vísa henni frá dómi.

Um þrautavarakröfu stefnanda:

Þrautavarakrafa stefnanda sýnist á því byggð að þar sem stefnandi hafi vanrækt skyldu sína um gerð skrár samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 beri Félagsdómi að hlaupa í skarðið og gera skrána fyrir hann. Ekki sé hér fremur en í útlistun um varakröfu stefnanda gerð nein tilraun til að finna þessari kröfu lagastoð. Með sömu rökum og tilgreind voru fyrir kröfum stefnda um frávisun 2. aðalkröfu stefnanda er á því byggt hér að 26. gr. laganna veiti stefnda ekki heimild til að leggja kröfu sem þessa til úrlausnar

Félagsdóms. Þá sé þessi krafa algerlega vanreifud og ætti það einnig að leiða til þess að kröfunni verði vísað frá dómi.

Stefndi vekur að auki sérstaklega athygli á ákvæðum 20. og 21. gr. laganna, sem hafa að geyma fyrirmæli um það hvernig brugðist skuli við til að afstýra neyðarástandi meðan verkfall stendur. Þar sé ekki gert ráð fyrir að Félagsdómur komi til skjalanna. Verkfall það sem sé tilefni máls þessa verði skollið á áður en málflytningur í máli þessu fari fram fyrir Félagsdómi. Við þær aðstæður geti dómurinn ekki annað en vísað til þeirra úrræða sem 20. og 21. gr. kveði á um. Vísast um rökstuðning fyrir því til umfjöllunar um aðalkröfu stefnda hér að framan.

Um málskostnaðarkröfu stefnda:

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefndi til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og til 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Telur stefndi augljóst að til málarekstrarins hafi aðeins komið vegna skeytingarleysis stefnanda sjálfs um málefni sem honum beri að sjá til að séu í lögboðnu horfi. Við ákvörðun málskostnaðarfjárhæðar ber að taka tillit til þess að stefndi rekur ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og ber því kostnað af málflytningaknun lögmans síns.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. tl. aðalkröfu sinnar krefst stefndi frávísunar á tilgreindum kröfum stefnanda í málinu. Er af hálfu stefnda einkum á því byggt í því efni að lagastoð skorti fyrir þeirri kröfugerð stefnanda. Ágreiningsefnið í máli þessu varðar skrár eða lista um það hvaða starfsmönnum stefnanda, sem eru félagsmenn stefnda, sé óheimilt að leggja niður störf í verkfalli stefnda, sem hófst á miðnætti fimmtudaginn 10. nóvember 1994. Um það deiluefni gilda lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna samkvæmt samkomulagi aðila frá 8. desember 1992, sbr. 2. gr. laganna. Hafa aðilar brýna hagsmunum af því að fá úr því álitaeftni skorið að því marki, sem það fellur undir verksvið Félagsdóms. Þykja því ekki efni til að fallast á frávísunarkröfur stefnda í málinu.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög fyrir 1. febrúar ár hvert, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3.–6. tölul. fyrri málsgreinar þessarar lagagreinar. Skýra verður ákvæði þetta svo að sama gildi, þegar sjálfseignarstofnun á í

hlut, sbr. 2. gr. laganna, og er út af fyrir sig óumdeilt að lagaskylda þessi taki til stefnanda.

Fyrir liggur að ekki hefur verið samin og birt skrá í samræmi við 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 af hálfu stefnanda vegna þeirra félagsmanna stefnda, sem falla undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna. Með bréfi dags. 26. október 1994 var stefnda sendur listi stefnanda yfir þá sjúkraliða, sem ekki væri heimilt að fara í verkfall með vísan til 3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, en stefnanda hafði deginum áður borist verkfallsboðun stefnda. Af hálfu stefnanda var þess óskað að gerðar yrðu athugasemdir við listann fyrir 29. október 1994. Listi þessi var móttekin af hálfu stefnda samdægurs með fyrirvara um þann tímafrest sem settur var til þess að gera athugasemdir. Með bréfi stefnda til stefnanda dags. 28. október 1994 var framlögðum lista stefnanda mótmælt sem gildum verkfallslista og hann talinn of seint fram kominn m.t.t. ákvæða 19. gr. laga nr. 94/1986. Með bréfi stefnanda til stefnda dags. 3. nóvember var sendur endanlegur listi yfir þá sjúkraliða, sem teljast falla undir 3.tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Sá listi var svo birtur sem skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild Stjórnartíðinda, sem út kom 7. nóvember 1994, sbr. auglýsingu nr. 573 frá 3. nóvember 1994.

Í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er gert ráð fyrir samráði aðila við gerð þeirra skráa, sem þar um ræðir, enda er tilgangur ákvæðisins sá, að með samkomulagi aðila um stefnumarkandi skrár og samráð, að draga úr hættu á ágreiningi um viðkvæm og vandasöm mál. Í lagaákvæði þessu er og kveðið á um mánaðarfrest til að bera fram andmæli gegn breytingum á skrám. Með hliðsjón af því verður að telja að sá frestur sem stefnda var veittur til að gera athugasemdir við framlagðan lista stefnanda hafi verið alltof skammur. Stefndandi heldur því fram að ekki hafi verið unnt að birta skrá samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 í B-deild Stjórnartíðinda fyrr en lög nr. 95/1994 um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943 tóku gildi hinn 3. júní 1994. Engu að síður gat stefndandi eftir þann tíma gert skrá og birt hana með þessum hætti að undangengnu samráði við stefnda.

Með því, samkvæmt framansögðu, að hvorki voru uppfyllt fyrir-mæli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um tímamörk né samráð við gerð skráar, verður ekki talið að í verkfalli því, sem í málinu greinir, sé við gilda skrá að styðjast.

Með 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 er kveðið á um að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu sé ekki heimilt að taka þátt í verkfalli. Hliðstætt ákvæði var áður í 26. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þar var sérstakri nefnd, kjaradeilunefnd, falið að úrskurða hverjir skyldu starfa á grundvelli þess ákvæðis. Í stað þess ber nú, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, að birta ár hvert skrár um störf þessi, enda var tilgangurinn með þeirri verklagsreglu að losna við þær deilur sem urðu samkvæmt eldra fyrirkomulagi, eins og skýrt fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 94/1986.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 dæmir Félagsdómur í málum um það hverjir falli undir ákvæði 3.-6. tl. 19. gr. laganna. Þegar ákvæði þetta er skýrt með hliðsjón af 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. og athugasemdir við 26. gr. í fyrrgreindu lagafrumvarpi, er það ekki hlutverk Félagsdóms að gera þær skrár, sem hér um ræðir, heldur fyrst og fremst, að skera úr ágreiningi, sem rísa kann um breytingar á þeim skrám.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum stefnanda í málinu og af því leiðir að ekki kemur til álita að fjalla sérstaklega um varakröfu stefnda.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,-. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Dómkröfum stefnanda, St. Jósefsspítala, í máli þessu, er hafnað.

Stefnandi, greiði stefnda, Sjúkraliðafélagi Íslands, kr. 100.000,- í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i Guðmundar Skaftasonar.

Skrár þær eða verkfallslistar, sem boðið er að gera samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94 1986 komu fyrst fram við verkfallsboðun. Stefnandi vanrækti gerð þeirra og allt samráð við viðsemjanda sinn eftir lögboðnum hætti. Skipta skrár þessar því ekki máli hér. Þess í

stað lagði hann kröfur sínar beint fram í dómsmáli fyrir Félagsdómi. Með því sniðgekk hann tilgang 2. mgr. 19. gr. laganna, sem er sá að koma í veg fyrir ágreining um framkvæmd verkfalls þegar í byrjun árs, ef á það kynni að reyna síðar.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94 1986 ber Félagsdómi að dæma um hverjir falli undir 3.-6. tl. 19. gr. laganna, þar á meðal að hvaða marki verkfall skuli taka til fólks, sem starfar að öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu. Enda þótt ekki hafi verið fylgt lagafyrirmælum um gerð verkfallslistanna og birtingu þeirra, er dóminum skylt allt að einu að taka efnisafstöðu til þess, hvort ákvæði 3.-6. tl. eigi við um tiltekin störf, ef ágreiningur um þau er undir hann borinn. Ekki eru í lögunum ákvæði, sem fortakslaust banna dóminum úrslausn á slíkri kröfu, sjá til hliðsjónar dóm Félagsdóms IX bindi bls. 173.

Hvorugur málsaðila hefur lagt fyrir dóminn mat óháðra aðila á því, hvaða mönnun þurfi að vera fyrir hendi hjá stefnanda til að fullnægt sé skilyrði 3. tl. 19. gr. um nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu. Úr því sem komið er og með hliðsjón af þeim skamma tíma sem Félagsdómi er ætlaður til úrslausnar málsins, þykir eigi fært að kveða á um slíkt mat nú.

Að gefnu tilefni þykir rétt að gera þá athugasemd, að 20. gr. laganna byggir á því að fyrir liggi gildir verkfallslistar. Sé svo ekki telst eðlilegast að skýra hana út frá hugtakinu „nauðsynlegasta heilbrigðisþjónusta“. Einnig er til þess að líta, að í hlut á hjúkrunarstofnun aldraðra með margt örvasa gamalmenna. Í tveggja manna nefnd skv. 21. gr. laganna – sinn maðurinn tilnefndur af hvorum verkfallsaðila -, skal taka ákvarðanir um kvaðningu fólks til vinnu og skal ákvörðun tekin „með atkvæðum beggja nefndarmanna og eru þær endanlegar“. Líta verður svo á, að hvor aðilanna sem er, hafi neitunarvald í nefndinni. Að þessu athuguðu kann stofnuninni í raun að verða synjað um þá vernd, sem dómstóllinn kann að veita, ef um undanþágur fer alfarið eftir 20. og 21. gr. Í nefndarskipuninni fellst því ekki það öryggi, sem nauðsynlegt má telja til að gæta ákvæðis 3. tl. 19. gr.

Í aðalkröfu sinni 1. gerir stefnandi kröfu um tiltekna mönnun á deildum sjúkrahússins sbr. 3. tl. 19. gr. laganna.

Stefndi gerir í 2. lið aðalkröfu, kröfu um að framangreindri kröfu

stefnanda verði hafnað, en setur jafnframt fram varakröfu um mönnun sjúkráhússins, ef aðalkröfu hans verði hafnað.

Við úrslausn málsins ber að hafa í huga, að stefnandi gætti ekki réttar síns með gerð verkfallslistanna svo sem lögboðið er og honum nauðsynlegt og hefir ekki í málinu lagt fram mat óháðra sérfræðinga um sjúkráhúsrekstur um mönnunarþörf sína samkvæmt 3. tl. 19. gr. Varakrafa stefnda telst ekki fara bersýnilega í bága við 3. tl. 19. gr. laganna að öðru en því er snertir a-lið hennar um mönnun hjúkrunardeildar í Hafnarbúðum. Af fyrirbyggjandi, efnislega óvefengdum gögnum, má sjá að flestir vistmanna þar eru langlegu sjúklingar, örvasa gamalmenni. Ekki þykir það samrýmast nauðsynlegustu heilbrigðisþjónustu að loka Hafnarbúðum vegna verkfalls og ráðstafa vistmönnum á aðrar sjúkrastofnanir. Þykir því bera að taka þennan kröfulið stefnanda til greina. Að því er varðar aðra kröfuliði stefnda þykir ekki augljóst að þeir fari í bága við 3. tl. 19. gr. laganna. Að öðru leyti þykja ekki efni til að fjalla um kröfugerðir aðila.

Ekki telst rétt, að dómurinn taki afstöðu til þess hvaða einstakir sjúkraliðar vinni á meðan verkfall varir. Ákvörðun um það er fólgin í stjórnunarrétti stefnanda.

Samkvæmt öllu framanrituðu ber að taka til greina a-lið aðalkröfu stefnanda um mönnun hjúkrunardeildar Hafnarbúða en að öðru leyti mönnun samkvæmt varakröfu stefnda, kröfuliðum b – g, og þá aðeins að því er tekur til stöðugilda á hverri deild.

Ég er sammála meiri hluta dómara um ákvörðun málskostnaðar.
